



Lyfjastofnun

Icelandic Medicines Agency

Vikuleg samantekt á lyfjaskorti

» Upplýsingarnar gilda um lyfjaskort sem hefur verið tilkynntur Lyfjastofnun

Vika 36, 2025




Nýtt! Vefþjónusta fyrir lyfjaskortstilkynningar

- » Í síðustu viku var tekin í gagnið vefþjónusta fyrir lyfjaskortstilkynningar.
- » Tvö stærstu lyfjafyrirtæki landsins nýta sér þjónustuna enn sem komið er.
- » Vefþjónustuleiðin er enn að slípast til en er ætlað að auðvelda fyrirtækjunum að tilkynna fyrirhugaðan skort og standa vonir því til þess að Lyfjastofnun fái fleiri tilkynningar og meiri fyrirvara.
- » Eftir sem áður geta fyrirtæki tilkynnt skort rafrænt í gegnum þjónustugátt og auk þess getur hver sem er tilkynnt vitneskju um lyfjaskort á vefsíðu stofnunarinnar.
- » Ath. að þetta hefur í för með sér fleiri skortstilkynningar fyrir dýralyf.

Lyf í skorti í dag - áhrif á lyfjanotendur

Tilkynnt hefur verið um skort á 308 lyfjapakkingum fyrir menn og dýr (þar af 10 dýralyfjapakkingar)

- » Í 95% tilvika munu lyfjanotendur fá sambærilega lyfjameðferð. Áhrif skorts eru því óveruleg á lyfjameðferðina.
- » 7 mismunandi lyfjapakkingar eru í skorti þar sem læknir þarf að breyta lyfjameðferð í aðra álíka lyfjameðferð.
- » 4 lyfjapakkingar er í skorti þar sem ekkert sambærilegt lyf eða álíka lyfjameðferð er fáanleg.



- » Upplýsingar og ráðleggingar eru birtar fyrir hvert lyf í skorti í [sérlyfjaskrá](#) og í vefþjónustu fyrir ávísanakerfi lækna.
- » Lyfjastofnun birtir lista yfir allan tilkynntan lyfjaskort á [vefsíðu](#) stofnunarinnar og í [sérlyfjaskrá](#).


Nánar um skort sem leiðir til þess að læknir þarf að breyta lyfjameðferð í aðra álíka meðferð - hvað kemur í staðinn?

Heiti lyfs	ATC-flokkur	Fjöldi daga í fyrirvara tilk.	Upphafsdags. skorts	Áætluð lokadags. skorts	Ábendingar	Ráðleggingar / annað
Bactroban , 20 mg/g smyrslí	C06AX0	0	13.8.2025	15.9.2025	Húðsýkingar af völdum baktería sem eru næmar fyrir múpírócíní.	<ul style="list-style-type: none"> Önnur úrræði eru fánleg eins og til dæmis Fucidin smyrslí.
Betnovat 1 mg/ml húðlausn	C07AC0	8	10.7.2025	7.9.2025	Öflugur barksteri til útvortis notkunar gegn bólgu- og kláðaeinkennum húðkvilla sem svara sterameðferð.	<ul style="list-style-type: none"> Aðrir meðferðarmöguleikar innihalda annan stera t.d. Elocon og Ovixan húðlausn.
Cetrotide 0,25 mg stungulyfsstofn, lausn	H01CC02	0	14.5.2025	22.9.2025	Kemur í veg fyrir ótímabært egglos hjá konum í sem eru í ófrjósemismeðferð.	<ul style="list-style-type: none"> Önnur úrræði eru á markaði, t.d. lyfið Ganirelix Gedeon Richter (ATC-flokkur H01CC01).
Diprosalic Húðlausn	D07XC01	8	26.8.2025	9.9.2025	Bólgujúkdómar í húð einkum þegar hyperkeratosa er áberandi, exem af völdum ofnæmis eða tengt efnum, einnig psóríasis.	<ul style="list-style-type: none"> Aðrir meðferðarmöguleikar innihalda annan stera, t.d. Elocon og Ovixan húðlausn.
Dynastat 40 mg 2 ml hettuglas stungulyfsstofn	M01AH0	76	20.8.2025	1.5.2026	Til skammtímameðferðar við verkjum eftir aðgerð hjá fullorðnum.	<ul style="list-style-type: none"> Ekkert annað stungulyf í þessum flokki (COX2).
INTELENCE 200 mg tafla	J05AG04	10	1.09.2025	5.9.2025	INTELENCE er notað í samsettri meðferð með öðrum lyfjum gegn HIV-sýkingu, fyrir fullorðna og börn 2 ára og eldri með HIV-sýkingu sem hafa notað önnur HIV-lyf	<ul style="list-style-type: none"> Stuttur skortur á heildsölustigi.
Timosan Depot stakskammtailát 1 mg/g augnhlaup	S01ED01	0	11.7.2025	1.12.2025	Notað til meðferðar á vissum augnsjúkdómum sem valda augnháprýstingi (gláka og augnháprýstingur).	<ul style="list-style-type: none"> Ekkert annað augnlyf er á markaði sem inniheldur eingöngu timolol, timolol í blöndum er fánlegt.

Ekkert sambærilegt lyf fáanlegt hverjar eru aðgerðirnar?

Heiti lyfs	ATC-flokkur	Fjöldi daga í fyrirvara tilk.	Upphafsdags. skorts	Áætluð lokadags. skorts	Ábendingar	Ráðleggingar / annað
Cystadane 1 g duft til inntöku	A16AA06	-5	28.8.2025	5.9.2025	Cystadane inniheldur vatnsfrítt betaín sem er ætlað sem viðbótarmeðferð við hómócyteinmigu, sem er arfgengur sjúkdómur (erfðasjúkdómur) sem lýsir sér þannig að aminosýran metiónín brotnar ekki fyllilega niður í líkamanum	<ul style="list-style-type: none"> Skortur hefur eingöngu verið á heilðsölustigi.
Soluprick SQ (Grass Pollen) 10 HEP húðstungupróf, lausn	V04CL	-2	1.9.2025	29.10.2025	Soluprick SQ frjókornaofnæmisvakar eru notaðir við húðstungupróf til greiningar á sértæku IgE miðluðu ofnæmi fyrir einstökum ofnæmisvökum.	<ul style="list-style-type: none"> Ekkert sambærilegt próf er til fyrir grasfrjó.
Tenutex 20 mg/g + 225 mg/g húðfleyti	P03AA54	255	1.9.2025	1.4.2026	Pediculosis capitis (höfuðlús), pediculosis pubis (flatlús), kláðamaur.	<ul style="list-style-type: none"> Lyfið er lausasölulyf. Ýmis lækningatæki eru á markaði við höfuðlús. Í einhverjum tilvikum er hægt að nota undanþágulyfið Scabi Med.
Easotic eyrnadropar dreifa handa hundum	QS02CA03	5	28.8.2025	29.9.2025	„Til að meðhöndla bráða og endurtekna eyrnabólgu í ytra eyra (otitis externa), sem stafar af bakteríum og gersveppum	<ul style="list-style-type: none"> Ekkert sambærilegt dýralyf er á markaði en í i einhverjum tilvikum væri möguleiki á að nota mannalyf.

Fjöldi lyfjaskortstílfella þar sem hugsanlega þarf að breyta lyfjameðferð - 2025



Janúar-ágúst 2025, meðalfjöldi tilkynninga á mánuði:

- 4 = Ekkert sambærilegt eða álíka lyf fáanlegt
- 6 = Álíka lyfjameðferð fáanleg

Samanburður við fyrra ár

2024, meðalfjöldi tilkynninga á mánuði:


- 5 = Ekkert sambærilegt eða álíka lyf fáanlegt
- 8 = Álíka lyfjameðferð fáanleg

Grafið sýnir þann mánuð sem tilkynning barst Lyfjastofnun, óháð því hvenær skortur hefst.

Þörf á aðgerðum af hálfu lækna vegna lyfjaskorts


Staðan í dag

LÆKNI



Þróun 2025

Áhættustig ● Hátt ● Lágt ● Miðlungs



Janúar-ágúst 2025:

- 35% alvarleikastig hátt
- Í 62% tilvika gat læknir ávísað lyfi í skorti

Allt árið 2024:

- 35% alvarleikastig hátt
- Í 58% tilvika gat læknir ávísað lyfi í skorti

Litakóðun birtist í ávísanakerfi (Sögu) ásamt ráðleggingum:

- Lágt** Læknir getur ávísað markaðssetta lyfinu þrátt fyrir skort því hægt er að breyta lyfjaávisun í apóteki og lyfjameðferð helst óbreytt. Dæmi: Önnur lyf eru í skiptiskrá, til er önnur pakkningastærð, annar styrkleiki eða útskipti í undanþágulyf eftir heimild Lyfjastofnunar
- Miðlungs** Mat læknis hvort hægt sé að ávísa markaðssetta lyfinu í skorti eða hvort ávísa þurfi öðru lyfi (val á milli lágt eða hátt).
- Hátt** Krefst ávallt aðgerða af hálfu læknis, ekki hægt að leysa málið í apóteki. Læknir þarf til dæmis að ávísa öðru markaðssettu lyfi, öðru lyfjaformi eða undanþágulyfi.

Heimild lyfjafræðinga til að breyta ávísun læknis í undanþágulyf

- » Lyfjastofnun getur **heimilað lyfjafræðingum í apótekum að breyta ávísun læknis úr markaðssettu lyfi í undanþágulyf skv. 52. gr. lyfjalaga 100/2020.**
 - › Úrræðið er einungis notað í sérstökum tilvikum að undangengnu öryggismati og þegar ljóst þykir að án aðgerða kæmi upp íþyngjandi staða fyrir lyfjanotendur og heilbrigðisstarfsfólk.

22

- Heimildir í gildi í dag þar sem lyfjafræðingar í apótekum geta breytt lyfjaávísun læknis
 - Það sem af er ári hafa verið veittar heimildir fyrir 58 lyf, að baki þeim er fjöldi lyfjaávísana.
- Frekari upplýsingar í [sérlyfjaskrá](#).

Nýtt í sérlyfjaskrá!

- » Um nokkurt skeið hefur verið hægt að nálgast lista um allan tilkynntan lyfjaskort á forsíðu sérlyfjaskrár.
 - › Fyrir hvert lyf í skorti birtist sérstakur bleikur rammi á síðu lyfsins í skránni og þegar ýtt er á hann opnast gluggi með ýmsum gagnlegum upplýsingum s.s. ráðleggingum.

Sérlyfjaskrá inniheldur **upplýsingar um öll lyf** sem eru markaðssett á Íslandi

Leita eftir lyfjaheiti, ATC flokki, norrænu vörunúmeri...

ATC LYFJAFLOKKAR ↗ LYFJASKORTUR ↗ DÝRALYF ↗ ATC VET ↗

LEIT Í LYFJATEXTA ↗ ÁVÍSUN BREYTT Í UNÐANÞÁGULYF ↗




- » Nýtt í sérlyfjaskrá er listi yfir gildandi heimildir sem Lyfjastofnun hefur veitt lyfjafræðingum í apótekum til að breyta lyfjaávisun úr markaðssettu lyf í undanþágulyf.
 - › Ráðleggingar birtast þá einnig í bleika glugganum á síðu viðkomandi lyfs í skorti.

Ávísun breytt í undanþágulyf

Lyfjafræðingum í apótekum er heimilt að breyta lyfjaávisun markaðssetts lyfs í skorti í undanþágulyf, sbr. 52. gr. lyfjalaga.

Fyrirvari lyfjaskortstilkynninga fyrir lyfjaskort sem er til staðar í dag

- 58 % tilkynninga barst Lyfjastofnun þegar skortur var hafinn, samanborið við 43% árið 2024
- 20 % tilkynninga bárust með 1-7 daga fyrirvara, samanborið við 14% árið 2024



Fyrirvari er mikilvægur svo nægur tími sé fyrir lyfjafyrirtæki að útvega sambærilegt markaðssett lyf eða undanþágulyf. Þannig er hægt að koma í veg fyrir hugsanleg vandræði lyfjanotenda og aukna vinnu fyrir heilbrigðisstarfsfólk.

Lágmarksbirgðir – Öll hin Norðurlöndin hafa innleitt löggjöf varðandi skyldur um að halda lyfjalager nauðsynlegra lyfja í landinu og slíkt er nauðsynlegt hérlendis.